

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Sunnudaginn 21. september, 2008 - Aðsent efni

Það er gott að ljúga í Kópavogi

Indriði Björnsson skrifar um skipulagsmál á Kársnesi

Indriði Björnsson



Indriði Björnsson skrifar um skipulagsmál á Kársnesi: "Sannleikurinn er vitaskuld sá að 700 og 900 eru lægri tölur en 600, að minnsta kosti hér í hinum friðsæla Kópavogi."

GUNNAR Birgisson vill eyða tortryggni í Kópavogi, svo að sátt geti náðst í skipulagsmálum bæjarins. Sem dæmi um framlag bæjaryfirvalda í þessum efnum er ekki úr vegi að rifja upp þá stórsýningu sem þau gengust fyrir á Kársnesi nú í sumar. Sýning þessi var í boði bæjarskipulags Kópavogs og sýndi svo ekki varð um villst hvernig breyta má þessu ljóta Kársnesi í fallett

og notalegt íbúahverfi með grænum svæðum.

Hókus–pókus

Öllum var boðið en almúginn á Kársnesi var sérstaklega hvattur til að mæta. Ég, sauðheimskur Kársnesbúi, mætti að sjálfsgöðu ásamt minni eiginkonu. Þetta var of gott tækifæri til að sleppa. Frítt inn, kaffi, kleinur og rútuferð og allt í boði bæjarins. Þetta var frábær sýning. Starfsmenn bæjarins höfðu greinilega setið sveittir við undirbúning í allan vetur. Þegar kemur að töfrabrogðum og sjónhverfingum verður maður að vera vel undirbúinn. Ekkert er skammarlegra en að vera gripinn við að troða spilum upp í ermina eða kaninum í hatta ef maður er töframaður. Mér varð hugsað til baka þegar ég sem barn horfði með aðdáun á sirkus Billys Smarts á gamlárskvöldum. Mikið óskaði ég þess að vera á staðnum, í stað þess að sitja heima með nefið klesst upp að sjónvarpsskjánum. Þeir voru klárir í sirkusnum, þeir gátu bókstaflega allt, en óhætt er að segja að starfsmenn bæjarins voru þeim engir eftirbátar. Öll trikkinn úr bókinni notuð til þess að sannfæra áhorfandann um að svart væri hvítt og hvítt væri svart.

Meira verður minna

Í skipulagsmálum Kársnessins sáu þeir í stuttu máli fyrir sér fjóra kosti. Kostur A er núllkostur, gerum ekki neitt. Kostur A+: bætum við örlitlu atvinnuhúsnæði og í kosti B og C: bætum við örlitlu íbúðarhúsnæði og tökum í burt atvinnuhúsnæði. Kostur B var sá sem bæjarstarfsmenn sögðust vera hrifnastir af, svona til að byrja með, en í framtíðinni mætti jafnvel taka þetta alla leið og fara í kost C með ökubré til Reykjavíkur. En, bíðum nú við. Eitt augnablik greip mig hræðsla. Í fyrri, þegar allt ætlaði um koll að keyra, ætluðu þeir að bæta við tæplega 600 íbúðum umfram það, sem þá var þegar samþykkt af nýju íbúðarhúsnæði. Núna ætla þeir að bæta við rúmlega 700 íbúðum í kosti B og tæplega 900 íbúðum í kosti C, en segjast samt vera að koma til móts við íbúa með því að draga úr þeirri þéttingu sem stefnt hefur verið að. Sem betur fer stóð hræðslan stutt. Þessir menn vita hvað þeir eru að gera. Þeir kunna að reikna og teikna og hafa áratuga langa reynslu af skipulagsmálum hér í Kópavogi, við góðan orðstír og í sátt og samlyndi við íbúa. Hvað er ég sauðheimskur Kársnesbúinn að hafa áhyggjur af þessu? Hvað með það þótt mér finnist 700 og 900 vera meira en 600? Svona er ég allt of oft að velta mér upp úr einhverju, sem ég hvorki veit né skil. Sannleikurinn er vitaskuld sá að 700 og 900 eru lægri tölur en 600, að minnsta kosti hér í hinum

friðsæla Kópavogi.

Gamalt fólk og ófrjóir háskólastúdentar

Á hinni nýju, grænu Kársnestá verður gott að búa. Þar verður allt fullt af gömlu fólki og ófrjóum háskólastúdentum, ef marka má framtíðarsýn bæjarins. Lítið verður um hávaðasöm börn, því á svokölluðum þéttingarsvæðum munu bara búa 2,2 íbúar í hverri íbúð en ekki 2,7 eins og annars staðar á nesinu. Samkvæmt þessu má því aðeins fimmta hvert þar eiga barn, en reyndar bara eitt til þess að rugla ekki þessa hárnákvæmu útreikninga. Kosturinn við gamla fólk og ófrjóu háskólastudentana er líka sá, að þetta fólk virðist ferðast lítið um á bílum og í þau fáu skipti sem það er akandi fer það samkvæmt umferðarspá bæjarins alltaf nesið sunnanvert, væntanlega til að trufla ekki skapstygga fólk sem býr við Kársnesbraut. Á morgnana þegar skólabjallan glymur setjast háskólastudentarnir á hjólhestana sína og þeysa yfir nýju, fínu göngubrúna sem verður komin þvert yfir Fossvoginn. Ef gott er veður og gamla fólk hefur fengið leið á öllum grænu svæðunum á Kársnesinu getur það rölt sér yfir brúna með nesti og sest að snæðingi í Óskjuhlíðinni. Já, það er sniðugt að geta nýtt sér útivistarsvæðin hinum megin við Fossvoginn – og það alveg frítt í boði Reykjavíkurbúa.

Mikið er gott að þurfa ekki að burðast um með of mikið vit. Mér líður vel að vera sauðheimskur. Það er kostur að geta einfaldlega ekki velt erfiðum hlutum fyrir sér og vera laus undan sífelldum áhyggjum af framtíðinni. Þurfa ekkert að spá í það hvor talan sé hærri 600 eða 900. Ég sef vært sem barn, vitandi að hinir harðduglegu starfsmenn bæjarins eru nótt sem nýtan dag að takast á við þessa flóknu hluti. Reikna út hluti sem ég gæti aldrei reiknað, skiljandi tölur sem ég get aldrei skilið. Starfandi fyrir mig, í mína þágu, vitandi mun betur en ég, hvað sé mér og mínum líkum fyrir bestu. Höfundur er tölvunarfræðingur og sauðheimskur Kársnesbúi.

Slóð: <http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html>

Skoðað: 2008-09-22 11:57

© mbl.is/Árvakur hf